


Föstudagur 18. desember 2009 | **Hurðaskellir**

Öll fyrirtæki eiga eftirfarandi sameiginlegt. Þau eiga sér upphaf og endi. Fjarlægðin frá upphafi fyrirtækis til endaloka þess er háður hæfileikum fyrirtækisins til að breyta og aðlaga sig að nýjum aðstæðum. Í stuttu máli – hæfileikinn til að breyta fyrirtækinu á réttan hátt og á réttum tíma er afgerandi fyrir lífslengd þess. Lesið meira um mikilvægi "hönnunar viðskipta-concepts" hér í pistlinum: [Síðasta verksmiðja Nokia í Vestur-Evrópu](#)

Fimmtudagur 17. desember 2009 | **Askasleikir**



Nýtt yfirlit seðlabanka Bandaríkjanna yfir efnahag evrusvæðis kom út í fyrradag. Það er "New York Federal Reserve" sem gefur út lýsandi og einfalda myndræna framsetningu á efnahag evrusvæðis með reglulegu millibili. Eins og sést á myndinni hér að ofan er ekki að sjá að bankakerfi evrusvæðis sé að snúa við þeirri þróun sem er á lánveitingum í löndum evrusvæðis. Samdrátturinn í útlánum bankakerfisins heldur áfram. Yfirlitið er á PDF sniði og er hægt að skoða beint [hér](#) eða með því að fara inn á vefsetur seðlabankans; [N.Y Fed Charts](#)

Í grein í þýska blaðinu [Handelsblatt](#) leggja þau Sebastian Dullien og Daniela Schwarzer til að yfirstjórn Evrópusambandsins stilli upp afarkostum hvað varðar fjárhagsvandamál gríska ríkisins. Tillaga þeirra gengur út á að gegn aðstoð sé Grikkland svipt sjálfsforræði yfir ríkisfjármálum landsins og að framkvæmdanefnd Evrópusambandsins og stýrihópnum "Eurogroup" verði veitt forræði og neitunarvald yfir grískri stjórnarsýslu; [ensku útgáfa greinarinnar](#)

Það er óttinn við að ástand grískra ríkisfjármála og væntanlegt greiðslufall ríkissjóðs Grikklands muni reynast myntbandalaginu svo erfitt að hætta sé á sundurliðun eða að minnsta kosti mjög neikvæðum aukaverkunum fyrir öll löndin sem eru aðilar að þessu myntbandalagi. En samkvæmt ákvæðum Evrópusáttmálans er algerlega bannað að

fjármagna svona undir reglum og ákvæðum þess sáttmála. Það bendir t.d. hagfræðingurinn Charles Wyplosz á í grein sinni [hér](#)

Miðvikudagur 16. desember 2009 | **Pottasleikir**

Í leiðara FT Deutschland ásakar ritstjórnin Þýskaland fyrir að hafa stunda undirboð á atvinnumarkaði evrusvæðis og ESB (e. wage dumping). Blaðið hefur tekið eftir því sem ég hef vitað áratugum saman að efnahagslíkan myntbandalagsins og hins svo kallaða "innri markaðar" stenst ekki með 16 ríkisstjórnnum, 16 fjárlögum og 15 seðlabönkum. Blaðið segir að á árunum 1999-2009 hafi Grikkland misst mikla samkeppnishæfni því launakostnaður í Grikklandi hafi hækkað um 26% á meðan hann hefur aðeins hækkað um 8% í Þýskalandi á saman tíma; [FTD](#)

Eins og ég skrifaði [hér](#) á þriðjudaginn í síðustu viku, þá aðeins til einn móralskur jöfnuður (balance) í efnahagshugum Þjóðverja; nefnilega hagnaður á viðskiptum Þýskalands við umheiminn. En þetta er ekki jöfnuður heldur ójafnvægi (imbalance). Þessi hagnaður Þýskalands við útlönd fer að nálgast 1 billjón evrur á ekki svo löngum tíma (ég man ekki hinn nákvæma árafjölda). Þetta ójafnvægi Þýskalands við umheiminn er ein af helstu orsökum þeirrar efnahagskreppu sem nú ríkir í heiminum okkar.

Þegar maður er lítið land - kannski [Ísland](#) - og rekst á svona land með svona efnahagsstefnu eins og Þýskaland hefur - og stundar hana í skjóli myntbandalagsins - þá er aðeins eitt sem gildir. Það er aðeins eitt sem svona lönd skilja, og það er massíf gengisfelling sem mótleikur gegn "wage dumping"! En það krefst þó þess að maður hafi einhverja mynt til að fella. Ef maður hefur það ekki, þá endar maður líf sitt sem nýlenda, þræll og einka-útflutningsmarkaður Þýskalands, þ.e. sé maður svo vitlaus að hafa álpast inn í ESB í stundar geðveikis- og hræðslukasti. Þá fær maður svona bréf eins og Grikkir eru að fá frá yfirvöldum evrusvæðis núna.

En vandamálið er líka það að löndin eru svo ótrúlega ólík innbyrðis. Það er alveg sama hvað hin löndin á evrusvæðinu gera til að bæta samkeppnishæfni sína við Þýskaland. Þýskaland mun alltaf sigra í þeirri samkeppni (*competitive internal devaluations, beggar thy neighbour policy*). Þjóðverjar eru meðfæddir snillingar í svona varnarleik (e. *defensive fiscal & social strategy*). Ef hin löndin skera niður, lækka laun, lækka kostnað, hagræða og breyta hjá sér - þá mun Þýskaland alltaf koma á eftir og skera enn meira niður, lækka laun enn meira, lækka kostnað enn meira og hagræða enn meira - og spara sig jafnvel í hel, ef þörf krefur. Þetta kostar Þýskaland ekki neitt því það eru eingin sameiginleg fjárlög landanna á milli. Því þarf ríkissjóður (via skatta) ekki að greiða neinar millifærslur til þeirra sem verða undir í samkeppninni.

Svo getur Þýskaland líka sett ranga og heftandi stýrivexti á hjá nágrönnum sínum og þannig skemmt samkeppnishæfni þeirra. Þetta er algerlega fyrirfram vonaust. Þess vegna má Ísland aldrei sleppa myntvopninu sínu, krónunni. Því þá er Ísland dauðadæmt í samkeppninni. Ísland verður aldrei innfæddur sérfræðingur í innvortis gengisfellingum eins og Þýskaland. Til þess er íslenska þjóðin alltof ung, kröftug og full af lífi. Þýskaland er hins vegar stærsta elliheimili heimsins

Katalónía hélt í fyrradag óformlega en táknræna þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði. Þetta var ekki atkvæðagreiðsla í umboði spænsku ríkisstjórnarinnar. Kosningabátttaka var 30% og af þeim sem greiddu atkvæði voru 95% fylgjandi því að Katalónía yrði sjálfstætt ríki; [BBC](#)

Þriðjudagur 15. desember 2009 | Þvörusleikir



Franska dagblaðið *Le Monde* skýrir frá því að hinn nýi forseti Evrópusambandsins, Herman Van Rompuy, muni ferðast alla leiðina suður til Spánar þann 15. desember, til að tilkynna Spánverjum að hann sé frá og með nú yfirmaður þeirra og hinna 26 landa Evrópusambandsins.

Þó svo að forsetinn muni ekki formlega taka við forsetastöðu sinni - sem hann fékk á lokuðum hádegisverðarfundum í Brussel - fyrr en þann 1. janúar 2010, þá hefur Herman Van Rompuy þegar sett mark sitt á gang mála í Evrópuráðinu. Þetta gerði hann í besta anda Lissabon sáttmálans. Hann byrjar á því að útiloka utanríkisráðherra allra landa ESB frá fundinum og tilkynnir að það verði haldin sérstök ráðstefna í febrúar á næsta ári þar sem drög verði lögð að "skýrri efnahagsstefnu" fyrir næstu sex mánuðina.

Almennir utanríkisráðherrar 27 landa Evrópusambandsins - þ.e. þeir vesælu menn sem hafa mátt þola það að hafa verið kosnir af vesælu fólkinu í heimalöndum sínum, en sem ekki fengu starf sitt skenkt undir lokuðum kvölverði í Brussel - munu svo náðarsamlegast fá að koma á fund í Evrópuráðinu einu sinni á ári frá og með nú. Kannski er verið að spara svo 45.000 embættismenn Brussels hætti við að fara í verkfallið.



Le Monde segir að Spánn - sem mun halda á forsæti Evrópusambandsins næstu 6 mánuðina - sé að stilla sér þvers á hinar nýju reglur stjórnarskrár ESB, þ.e. Lissabon sáttmálans, því forsætisráðherra Spánar, Jose Luis Rodriguez Zapatero, hyggist ekki bara taka á móti leiðtogum frá t.d. Suður-Afríku, heldur stefni spænski forsætisráðherrann einnig að því að taka á móti leiðtogum á borð við Barack Obama, sem er forseti Bandaríkjanna. Herman Van Rompuy mun því fara til Spánar þann 15. desember til að útskýra fyrir Spánverjum hver ráði núna. *Le Monde* segir einnig að frú barónessa utanríkisráðherra lafði Catherine Ashton hafi nú þegar farið til Madríd til að ræða deiliskipulag hlutverka á milli hennar og utanríkisráðherra Spánar, Miguel Angel Moratinos; [Le Monde](#)

Mánudagur 14. desember 2009 | Stúfur



Í grein sinni í Telegraph segir Ambrose Evans-Pritchard að menn ættu að muna hvernig Grikkland hafnaði í þeirri stöðu sem landið er í núna. En um þessar mundir getur farið svo að evruríkið Grikkland lendi í greiðslufalli sökum mikils halla á fjárlögum gríska ríkisins og miklum skuldum hins opinbera. Núna velta menn streituþjáðum vöngum yfir því hvernig þetta mál verði leyst, ef það þá verður leyst. Evans-Pritchard segir að myntbandalagið hafi lokkað Grikkland í gildru. Stýrivextir voru alltof lágir í Grikklandi, Portúgal, Spáni og á Írlandi. Þetta sogaði þessi lönd inn í eigna- og launabólu. Seðlabanki Evrópusambandsins brást hlutverki sínu til þess eins að geta komið þunglyndu þýskalandi í gegnum efnahagslega armæðu og vesöld. Bankinn hélt stýrivöxtum undir 2% fram í desember 2005. Þetta þýddi ofhitun og bólumyndun í hagkerfum suðursins og svo á Írlandi.

"Salaried workers will not pay for this situation: we will not proceed with wage freezes or cuts. We did not come to power to tear down the social state," he said.

Í greininni segir einnig að "hinn djúpi sannleikur sem enginn fæst til að ræða í evrulandi er sá, að myntbandalagið er varanlega gagnslaust fyrirbæri fyrir alla - og þar með talið fyrir Grikkland og Þýskaland". Evans-Pritchard segir að það verði ESB sem kikni fyrst í störukeppninni. Það verður ekki Grikkland sem bliknar fyrst; [Telegraph](#).

Tengt efni: [Hugleiðing um raun-stýrivexti](#) | [Þýska markið, Deutsche Mark, stjórnar ennþá öllu hér í Evrópu](#)

EU-bombe under danske boliglån

Danir óttast að nýjar ESB reglur muni í versta falli tvöfalda afborgunarbyrði á húsnæðislánum í landinu. Um er að ræða fyrirhugaðar nýjar og hertar reglur (*Basel II*) um að hærra hlutfalli fjármuna verði haldið í fórum íbúðarlánafyrirtækja sem eyrnamerkta væru til að mæta hugsanlegu tapi á útlánastarfsemi þeirra. Þessi reikningur mun lenda hjá viðskiptavinunum í síðasta enda. Þetta myndi þýða að hin svo kallaða "bidragssats-prósenta" (framlagsprósenta af höfuðstól) myndi hækka út 0,5% í 2,5% á ári. Hækkun þessa framlags í 2,5% myndi þýða að framlagið hækkaði í krónutölum úr 5.000 DKK á ári í 25.000 DKK á ári á eins árs "flex-húsnæðisláni" uppá 1 miljón DKK. Nú vona menn að möguleiki verði fyrir yfirvöld í einstaka löndum

Evrópusambandsins að gera staðfærðar breytingar á þessum reglum í sínu eigin landi. Það er beðið og vonað; [Børsen](#) | [Altinget](#)

Ligi: secret ECB document was an unpleasant surprise

11.12.2009, 16:40

Estonian finance minister Jürgen Ligi said that the so-called secret document on devaluation issues compiled by the European Central Bank was an unpleasant surprise for Estonia.

Fjármálaráðherra Eistlands, Jürgen Ligi, segir að leyniskjal seðlabanka Evrópusambandsins frá 17. nóvember í síðasta mánuði hafi verið óvænt en óþægileg ánægja. Þar varar ECB þau lönd sem sækjast eftir evruaðild - og sem einhliða hafa bundið gegni mynta sinna við evru - við því að um gengisfellingar geti orðið að ræða sama hvað hver segir. Það sama gildir líka um gengishækkanir. Þetta getur gerst áður en löndin taki upp evru. Seðlabankinn sagði einnig að svona einhliða gengisbindingar stuðli að óeðlilega lágum vöxtum á innanlandsmarkaði og að þessir óeðlilega lágir vextir framleiði eignabólur sem springa með hörmulegum afleiðingum, - eins og raunin hefur líka orðið; [BB](#). Sjá nánar í fréttaskjali þessa vefseturs frá því í síðustu viku (föstudagur 11. des.): [HTML](#) | PDF [hlaða niður](#)

SKJALASAFN STUTTRA OG OFT DAGLEGRA FRÉTTA

<http://www.tilveraniesb.net/stuttar-vikufrettir>